Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is
Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

# Menningar- og æskulýðsnefnd 26. fundur,

## Árnesi, þriðjudaginn 25. apríl 2017 kl. 20:00

Mætt: Magnea Gunnarsdóttir, Ólafur Hafliðason, Ágúst Guðmundsson. Magnea Gunnarsdóttir ritaði fundagerð

**1. Uppsprettan 2017**

Farið var yfir hvað er í hendi fyrir Uppsprettuna 2017. Leikhópurinn Lotta hefur staðfest komu sína og nokkrir hafa staðfest komu sína á Bjástrað á bæjunum og fleiri hafa sýnt áhuga. Brokk og skokk verður á sínum stað. Önnur atriði eru í góðum farvegi. Farið var yfir kostnaðaráætlun. Þokkalega hefur gengið að safna auglýsingum en ljóst er að það þarf að láta hendur standa fram úr ermum við það áfram til að endar nái saman. Hugmynd kom fram um að athuga hvort ungmennaráðið er tilbúið til starfa og aðstoða á hátíðinni. Verkum skipt milli nefndarmanna.

**2. Hátíðarhöld 17. júní**

Rætt um tilhögun hátíðarhaldanna í ár sem verða skv. venju í Brautarholti. Hugmyndum að fjallkonum, ræðuhöldurum og sprellstjórum kastað fram til athugunar. Stefnt að því að hafa hátíðarhöldin með líku sniði og verið hefur.

**3. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Áætlað að halda næsta fund: Þriðjudaginn 16. maí kl. 20:00

Fundi slitið kl. 23:00

Magnea Gunnarsdóttir

Ágúst Guðmundsson

Ólafur Hafliðason